



**Þinggerð 70. ársþings KSÍ
Haldið á Hilton Nordica
13. febrúar 2016**

**Þinggerð 70. ársþings KSÍ,
haldið á Hilton Reykjavík Nordica, Reykjavík 13. febrúar 2016**

Eftir að síðasta knattspyrnutímabil hafði verið rifjað upp og fallinna félaga í knattspyrnuhreyfingunni hafði verið minnst setti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, þingið og mælti svo:

Árið 2015 verður skráð í knattspyrnuannála sem árið þegar Ísland vann sér rétt til að leika í úrslitakeppni EM karla í fyrsta sinn. Frábært knattspyrnuár er að baki, líklega það besta í sögu íslenskrar knattspyrnu. Loksins er Ísland á meðal þátttökujóða í úrslitakeppni Evrópumóts karla í knattspyrnu. Það var stór stund þegar dómarinn flautaði til leiksloka á Laugardalsvelli 6. september síðastliðinn. Markalaust jafntefli Íslands og Kasakstan var staðreynnd og íslenska landsliðið hafði tryggt sér sæti í úrslitakeppni EM 2016 í Frakklandi. Liðið var þá nýkomið heim frá Amsterdam þar sem það vann einn sinn stærsta sigur, 1-0, á HM bronsliði Hollands. Þetta var stór áfangi fyrir íslenska knattspyrnu og athygli knattspyrnuheimsins beindist enn frekar að Íslandi. Eftir lokaleikina í október hafnaði lið Íslands síðan í 2. sæti í sínum riðli eftir 6 sigurleiki, 2 jafntefli og 2 ósigra; með markatöluna 17-6. Glæsilegur árangur liðsins undir stjórn Lars og Heimis. Framundan er því þátttaka í úrslitakeppni í júní og þar verða mótherjar okkar Portúgal, Ungverjaland og Austurríki. Ljóst er að mikill fjöldi Íslendinga mun fylgja liðinu til Frakklands. Það eitt og sér á eftir að hjálpa strákunum okkar í erfiðri keppni hinna bestu.

Árangur landsliða Íslands í knattspyrnu á síðustu árum hefur vakið mikla athygli. Þegar svo A landslið karla komst í úrslitakeppni EM og varð lið númer þrjú í röðinni til þess að vinna sér inn þann rétt, fjöldaði mjög fyrirspurnum og óskum um viðtöl til KSÍ. Fjölmöðlar, forystumenn annarra knattspyrnusambanda og áhugafólk leituðu skýringa og svara. Reynt hefur verið að sinna þessum erindum af kostgæfni og hróður íslenskrar knattspyrnu hefur víða farið. En þátttaka á stórmóti hefur einnig leitt til aukins álags á ýmsum öðrum sviðum og ljóst er að verkefnið er umfangsmikið fyrir lítið knattspyrnusamband. Það verður hins vegar allt gert til þess að þátttaka Íslands verði vel skipulögð og undirbúnungur liðsins eins og best verður á kosið.

Síðastliðið sumar var svo dregið í riðla í undankeppni HM 2018. Mótherjar Íslands verða Króatía, Úkraína, Tyrkland og Finnland. Efsta liðið í riðlinum kemst til Rússlands þar sem úrslitakeppnin fer fram, auk þess sem þau 8 lið sem bestum árangri ná í öðru sæti í riðlunum 9 leika í umspili um 4 sæti í HM. Það verður því lítið hlé hjá liðinu eftir EM en fyrsti leikur í undankeppni HM fer fram í Úkraínu 5. september næstkomandi.

A landslið karla hefur fengið gríðarlegan stuðning á heimavelli og uppselt var á leiki liðsins. Enn og aftur vakna spurningar um Laugardalsvöll sem framtíðarleikvöll liðsins. Stjórn KSÍ ákvað að fara nýja leið í málinu og fékk ráðgjafarfyrirtækið Borgarbrag til að athuga með skipulögðum hætti hvort grundvöllur sé fyrir byggingu fjölnota þjóðarleikvangs í Laugardal sem uppfyllir nútímakröfur til knattspyrnuiðkunar á alþjóðlegum vettvangi. Borgarbragur hefur skilað skýrslu sem kynnt verður í meginatriðum hér á eftir. Lagt er til að KSÍ, í samstarfi við eiganda vallarins, Reykjavíkurborg, og ríkið láti gera hagkvæmisathugun miðað við áðurnefnd markmið og fái til verksins viðurkenndan erlendan aðila. Stjórn KSÍ vill áréttu að slík athugun og hugsanleg framtíðaruppbygging í kjölfarið miðast við að þátttaka KSÍ hafi ekki neikvæð fjárhagsleg áhrif á kjarnastarfsemi KSÍ, þ.e. rekstur knattspyrnustarfsins. Það sama á við aðildarfélögin og þá sér í lagi félögin í Reykjavík sem treysta á framlög frá borginni.

A landslið kvenna byrjaði vel í undankeppni EM 2017, en úrslitakeppnin fer fram í Hollandi og í fyrsta sinn verða þátttökujóðirnar 16 talsins í stað 12 áður. Ísland lék 3 leiki og vann öruggan sigur í þeim öllum. Skotland verður augljóslega aðal keppinatur okkar liðs en skoska liðið hefur unnið 4 fyrstu leiki sína. Lið Íslands og Skotlands munu mælast tvívar á árinu 2016 og munu þeir leikir væntanlega ráða úrslitum í riðlinum. Efsta lið hvers riðils kemst í úrslitakeppnina auk þeirra 6 liða sem bestum árangri ná í öðru sæti í riðlunum átta. Þau 2 lið sem þá standa eftir og hafna í öðru sæti í sínum riðlum leika í umspili um síðasta sætið í úrslitakeppninni. Framundan eru því mikilvægir leikir hjá íslenska liðinu, sem ætlar sér til Hollands. Tvær landsliðskonur, þær Hólmfríður Magnúsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir, náðu þeim frábæra árangri að leika sinn 100. A landsleik á árinu.

Byrjun strákanna í U21 landsliði karla í undankeppni EM 2017 lofar góðu. Liðið er sem stendur í efsta sæti síns riðils með 11 stig eftir 5 umferðir og er eina taplausa liðið. Frækinn sigur á landsliði Frakklands á Kópavogsvelli í byrjun september á sl. ári sýndi vel hvað býr í liðinu og strákarnir eru til alls víslir. Framundan eru þrír leikir á útivelli og síðan lýkur keppninni með tveimur heimaleikjum í október 2016. Úrslitakeppnin fer fram í Póllandi 2017 og þar munu 12 lið taka þátt, en í síðustu keppnum hafa liðin verið 8. Sigurvegarar í riðlunum 9 komast þeim í úrslit auk þess sem þau 4 lið sem bestum árangri ná í 2. sæti riðlanna leika í umspili um tvö sæti.

KSÍ hélt úrslitakeppni Evrópumóts U17 landsliða kvenna 2015 í Reykjavík, Kópavogi, Grindavík og á Akranesi. Auk Íslands tóku landslið frá Englandi, Frakklandi, Þýskalandi, Spáni, Sviss, Írlandi og Noregi þátt í keppninni. Leikið var í tveimur fjögurra liða riðlum. Keppnin var mikil reynsla fyrir íslensku stúlkurnar en liðið beið lægri hlut í öllum sínum leikjum. Til úrslita léku Spánn og Sviss. Spánn var með yfirburðalið og vann öruggan sigur. Keppnin tókst í alla staði vel og lögðu mörg aðildarfélög KSÍ sitt af mörkum. Þau eiga þakki skildar sem og mikill fjöldi sjálfboðaliða sem vann við mótið. Alls mættu rúmlega 6.000 áhorfendur á leikina 15. U17 landslið kvenna og U17 landslið karla komust árinu áfram úr undankeppni EM 2015/16 og leika í milliriðlum í vor. Í lok árs tók Freyr Alexandersson þjálfari A landsliðs kvenna einnig við þjálfun U17 landsliðs kvenna, en Úlfar Hinriksson verður honum til aðstoðar.

Eins og oft hefur verið sagt er vel skipulagt mótað hornsteinninn í starfsemi KSÍ og þar varð engin breyting á. Alls skipulagði KSÍ 5.300 leiki um allt land í samstarfi við aðildarfélögini. Slæmt ástand valla á Austurlandi setti svip sinn á upphaf Íslandsmótsins sem annars fór fram með hefðbundinum hætti. Keppnin var jöfn og skemmtileg. FH varð Íslandsmeistari í næst síðustu umferð Pepsi-deildar karla eins og Breiðablik í Pepsi-deild kvenna. FH varð því Íslandsmeistari í sjöunda sinn á tólf árum; einstakur og glæsilegur árangur Hafnfirðinga. Breiðablik hafði á hinn bóginn beðið í tíu ár eftir sínum sextanda titli.

Víkingur Ó. og Þróttur R. unnu sér rétt til að leika í efstu deild karla 2016 og á sama hátt gerðu ÍA og FH það í efstu deild kvenna.

Valur varð bikarmeistari í meistaraflokki karla í 10. sinn eftir sigur á KR. Stjarnan varð bikarmeistari í meistaraflokki kvenna í þriðja sinn eftir sigur á Selfossi annað árið í röð.

Huginn Seyðisfirði og Leiknir Fáskrúðsfirði unnu sér rétt til að leika í 1. deild karla, bæði félög í fyrsta sinn, og vakti það verðskuldaða athygli. Magni og Völsungur unnu sér rétt til að leika í 2. deild karla og Vængir Júpíters og Þróttur Vogum til að leika í 3. deild karla.

Stjórn KSÍ óskar öllum sigurvegurum sl. árs til hamingju með góðan árangur. Bókin Íslensk knattspyrna kom út í 35. sinn á sl. ári og sem fyrr er fjallað ýtarlega um íslenska knattspyrnu í henni í máli og myndum – hún er í reynd árbók íslenskrar knattspyrnu skrifuð af Víði Sigurðssyni. Iðkendum í knattspyrnu fjöldaði á milli ára skv. nýjustu tölum en þær eru fyrir árið 2014. Aukning var um 9,3% og voru skráðir iðkendur alls 22.645. Konur voru um 1/3 iðkenda en karlar 2/3.

Aðsókn á leiki Pepsi-deildar karla var sú besta frá 2011 en að meðaltali mættu 1.107 áhorfendur á leik. Í Pepsi-deild kvenna var aðsóknin að meðaltali 190 áhorfendur á leik og var fjölgun þar þriðja árið í röð.

Fyrirkomulagi Evrópuleikja félagsliða er breytt ef ástæða þykir til á þriggja ára fresti. Á sl. ári tóku gildi breytingar á bæði forkeppni Meistaradeildarinnar og Evrópuðeildarinnar, þó öllu meiri á hinni síðarnefndu. Um leið var framlag til keppnisliða verulega hækkað. Fleiri félög og sterkt félög hófu keppni í 1. umferð forkeppni Evrópuðeildarinnar og því erfiðara verkefni að ná áfram í keppninni. FH og KR komst í 2. umferð og FH var næri því að komst í 3. umferð. Víkingur R. féll úr leik í 1. umferð. Stjarnan hóf leik í 2. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar en Celtic frá Glasgow var of sterkur mótherji. Kvennnamegin komst Stjarnan áfram eftir forkeppni en beið lægri hlut í 32 liða úrslitum Meistaradeildarinnar gegn Zvezda frá Rússlandi annað árið í röð.

Við verðum að vera á varðbergi gagnvart hagræðingu úrslita innan okkar vébanda. Slík mál hafa komið upp viða í knattspyrnuheiminum og mikilvægt er að við stöndum vörð um heiðarleika íslenskrar knattspyrnu. Vitalega þurfa stjórnvöld að aðstoða íþróttahreyfinguna í þessu máli, sér í lagi þegar kemur að rannsókn slíkra mála, lögum eða reglum til að ná til þeirra sem stæðu fyrir slíku. HÍ og HR, með leyfi vísindasíðanefndar, munu standa fyrir rannsókn á spilavanda leikmanna 18 ára og eldri á þessu ári og hvetjum við forystumenn félaga að taka jákvætt í óskir þeirra um samvinnu.

Á sl. ári undirrituðu fulltrúar KSÍ og 365 miðla hf. samning um rétt 365 til að sjónvarpa leikjum á vegum KSÍ fyrir árin 2016-2021 (6 keppnistímabil). Samningurinn var gerður í nánu samstarfi við stjórn Íslensks toppfótbolta (ÍTF). Þetta er í fyrsta sinn síðan 1998 sem þessi réttindi eru seld beint innanlands, en síðan þá hefur rétturinn verið seldur til erlendra aðila sem hafa endurselt hann að hluta til Íslands. Samningurinn felur í sér að 365 miðlar munu hafa einkarétt til sjónvarspsútsendinga frá eftirtoldum mónum innan sem utan lands: • Íslandsmótið í knattspyrnu / efsta deild karla og kvenna • Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla og kvenna • Meistarakeppni KSÍ í karla- og kvennaflokki • Deildarbikarkeppni KSÍ / A deild karla og kvenna. 365 miðlar hafa jafnframt einkarétt á sölu heitis ofangreindra móta, utan deildarbikarkeppni KSÍ, og heiti móttanna fylgja tiltekin markaðsréttindi. Með samningi þessum er stefnt að aukinni umfjöllun um íslenska knattspyrnu í miðlum 365 og m.a. opnast í fyrsta sinn sá möguleiki að hægt verði að sýna alla 132 leikina í efstu deild karla í beinni útsendingu í sjónvarpi eða yfir internetið. Samningurinn mun skila íslenskum knattspyrnufélögum hátt í milljarð króna á sex árum.

Þegar rekstrarniðurstaða íslenskra félaga sem sóttu um leyfi til keppni í tveimur efstu deildum karla 2015 er skoðuð fyrir árið 2014 kemur í ljós að í heildartekjur þeirra (24 félög) höfðu aukist lítillega eða um 60 m. kr. á milli ára og voru tæpir 2,6 milljarðar. Heildarútgjöld hækkuðu á milli ára og voru um 130 m. kr. meiri en árið áður; voru alls 2,65 milljarðar króna. Þannig var heildarniðurstaðan í lok 2014 að teknu tilliti til fjármagnsliða neikvæð um 53. m. kr. en hafði verið jákvæð um 65 m. kr. í árslok 2013. Þetta er þróun til þess að hafa áhyggjur af.

Í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014 tóku gildi viðmiðunarreglur um fjárhagsstöðu þeirra félaga sem undirgangast kerfið. Annars vegar er um að ræða reglur um eiginfjárstöðu og hins vegar um skuldabyrði. Krafa er gerð um jákvæða eiginfjárstöðu og heildarskuldir og skuldbindingar mega ekki vera hærri en 50% af meðaltali af knattspyrnulegum rekstrartekjum yfir 3 undangengin ár. Af 12 félögum sem léku í efstu deild karla 2015 stóðust 7 þessar kröfur, 2 stóðust hvoruga kröfuna, 2 ekki kröfuna um hámarksskuldbyrði og 1 ekki kröfuna um jákvætt eigið fé. Af 12 félögum sem léku í 1. deild karla 2015 stóðust 6 þessar kröfur, 2 stóðust hvoruga kröfuna og 4 ekki kröfuna um jákvætt eigið fé. Heildarskuldaða 24 efstu félaganna í árslok 2014 var um 500 m. kr. og versnaði um 40 m. kr. á milli ára; skuldastaðan versnaði hjá 12 félögum á milli ára.

Starfsemi KSÍ er fjölbætt á ýmsum sviðum og sífellt er sótt fram. Fræðslustarfíð var öflugt á árinu, sérstaklega fyrir þjálfara og dómarar, og voru fjölmög námskeið haldin auk þátttöku í námskeiðum erlendis. Þjálfaraskóli KSÍ þar sem reyndari þjálfarar leiðbeina þjálfurum á vettvangi skipar æ veigameiri sess. Alls voru haldnir 33 fræðsluviðburðir með 1.141 þátttakanda sem hvort tveggja er met. Hæfileikamótun KSÍ er mikilvæg til að ná enn betur til yngri leikmanna og tóku fjölmargir krakkar þátt víðs vegar um landið. Eins og fyrr tók KSÍ þátt í fjölda samfélags- og grásrótarverkefna á árinu.

Mikilvægur þáttur í starfi KSÍ er að standa vel að málefnum knattspyrnudómara þannig að þeir komi vel undirbúnir til leiks. Á árinu hófst nýtt átaksverkefni fyrir unga dómarar og voru þátttakendur valdir úr hópi dómarar á aldrinum 17-25 ára. Markmiðið er að reyna að auka gæði dómgæslunnar á komandi árum.

Rekstur KSÍ á árinu 2015 var í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun á síðasta ársþingi. Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2015 námu 1.112 milljónum króna samanborið við 1.067 milljónir króna árið á undan. Hækken rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi frá FIFA. Rekstrarkostnaður KSÍ var um 956 milljónir króna og hækkar frá fyrra ári um 46 milljónir króna, sem skýrist af hækken af kostnaði við landslið, fræðslustarfsemi og við rekstur sambandsins.

Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ 157 milljónir króna, en áætlun gerði ráð fyrir 153 milljón króna hagnaði. Styrkir og framlög til aðildarfélaga á árinu námu 147 milljónum króna vegna sjónvarps- og markaðsréttinda, styrkja til barna- og unglingsstarfs, leyfisherfis og fleira og er í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga er því hagnaður af rekstri KSÍ um 11 milljónir króna á árinu 2015.

Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé lækkar á milli ára og var í árslok 2015 um 152 milljónir króna. Eignir námu 581 milljón króna. Eigið fé KSÍ var 221 milljón króna í árslok.

Rekstrartekjur KSÍ voru 1.112 milljónir króna eins og áður sagði og að auki runnu um 343 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ sem ekki voru tekjfærðar hjá knattspyrnusambandinu heldur viðkomandi félögum en það voru framlög frá UEFA og tekjur af sjónvarps- og markaðsrétti. Í heild voru tekjurnar því um 1.455 milljónir króna og var tæpur einn fjórði þeirra tekjfærður hjá aðildarfélögum sambandsins. Þá er ótalinn mannvirkjasjóður KSÍ en hann var fjármagnaður að fullu með framlagi frá UEFA og fór til framkvæmda aðildarfélaga. Alls voru greiddar rúmar 27 milljónir króna úr mannvirkjasjóði KSÍ árið 2015. Mannvirkjasjóðurinn var rekinn til fjögurra ára með fjármagni frá UEFA. Alls var á fjórum árum 2012 – 2015 greitt úr sjóðnum til 31 félags alls um 156 m. kr. Það er vel þekkt að margfeldisáhrif þessara styrkja eru mikil. Helstu ný mannvirki sem voru vígð á árinu voru gervigras á keppnisvelli Vals, nýr gervigrasvöllur á Áltanesi og lítið knatthús FH. Gervigras var endurnýjað í Egilshöll og á Þróttarvelli. Það er brýnt að stjórnvöld sjái mikilvægi þess að koma til móts við íþróttahreyfinguna í þessum málaflokk og styðji frumvarp Willums Þórs Þórssonar og fleiri þingmanna um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við íþróttamannvirkni. Það er forsenda framfara að nauðsynlegt viðhald fari fram á íþróttamannvirkjum auk þess sem ný rísi.

Lokið var að mestu framkvæmd við ný flóðljós á Laugardalsvelli. Kostnaður á árinu var rúmlega 131 m. kr. og var hann að fullu greiddur af UEFA. Upphaflega stóð aðeins til að skipta um kastara en gömlu möstrin báru ekki nýja og öflugri lýsingu og því hafa flóðljósin nú að öllu leyti verið endurnýjuð. Vinnu við nýja tengiskápa er þó ólokið.

Eins og fram kemur í ársreikningi þá féll á sl. ári dómur í Hæstarétti í máli KSÍ ehf. gegn Landsbankanum hf., en bankinn áfrýjaði dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem úrskurðaði að um ólögmætt gengislán væri að ræða. Hæstiréttur vísaði málín frá héraði. Málið snýst um meint ólögmætt lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla sem upphaflega var tekið á árinu 2006 og að fullu hefur verið greitt. Hagsmunir okkar eru miklir og geta numið nokkur hundruð milljónum króna. Áfram verður haldið með málið og er það að nýju rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þátttaka A landsliðs karla í úrslitakeppni EM 2016 mun hafa mikil áhrif á rekstur KSÍ. Ljóst er, að Knattspyrnusamband Evrópu mun greiða KSÍ 8 milljónir evra (um 1130 m. kr.) vegna þátttökunnar. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir hagnaði upp á rúmlega 600 m. kr. Stjórn KSÍ hefur ákveðið að um 300 m. kr. renni til aðildarfélaga KSÍ sem sérstakt EM framlag, auk þess sem barna- og unglingsstyrkur mun hækka um 30% og styrkur vegna leyfisherfis mun hækka um 15%.

Rekstur skrifstofu KSÍ hefur verið í föstum skorðum en þó urðu nokkrar breytingar í mannahaldi. Hæst ber auðvitað að Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri KSÍ til átta ára ákvað að láta staðar numið og ákvað stjórn KSÍ í framhaldinu að ráða Klöru Bjartmarz framkvæmdastjóra. Þórir var öflugur og dugmikill framkvæmdastjóri og samstarfið við hann var afar gott. Hann á þakkið skildar fyrir sín miklu störf fyrir íslenska knattspyrnu. Í skarð Klöru í móttadeild var ráðinn Haukur Hinriksson, lögfræðingur og þá var aukið við einum starfsmanni þegar Gunný Gunnlaugsdóttir var ráðin í málefni landsliða. Ég vil nota tækifærið og bjóðið þau velkomin til starfa og þakka starfsfólki KSÍ fyrir frábær störf á starfsárinu.

Árið 2017 verða liðin 70 ár frá stofnun Knattspyrnusambands Íslands. Að því tilefni hefur stjórn KSÍ fengið Sigmund Ó. Steinarsson til að rita sögu kvennaknattspyrnunnar á Íslandi. Þar með lýkur heildarritun allrar sögu íslenskrar knattspyrnu en áður hefur KSÍ gefið út 4 bækur því tengdu á undanförnum árum. Sögunni er

viðhaldið og heimildirnar um íslenska knattspyrnu varðveittar. Á afmælisárinu mun KSÍ halda Norðurlandamót drengjalandslíða og er gert ráð fyrir að riðlarnir tveir fari fram á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Ólga innan FIFA sem hefur teygt anga sína inn í UEFA hefur ekki farið framhjá neinum. Vonandi hefjast nýir og betri tímar eftir kosningu forseta FIFA 26. febrúar nk. Stjórn KSÍ hefur lýst yfir stuðningi við framkvæmdastjóra UEFA, Gianni Infantino, í kjörinu og væntanlega mun Evrópa í heild sinni styðja hann. Menn vona að forseti UEFA, Michel Platini, nái að sanna sakleysi sitt og snúi til baka og hefur framkvæmdastjórn UEFA ákveðið að bíða niðurstöðu áfrýjunar í máli hans.

Eitt besta ár í sögu KSÍ er að baki. Minningarnar eru margar um sigra og skemmtilegar stundir á vellinum og stuðningur áhorfenda var einstakur. Krafturinn og dugnaðurinn í forystufólki íslenskrar knattspyrnu er einstakur. Þið eigið hrós skilið fyrir ykkar miklu og óeigingjörnu störf.

Stjórn KSÍ þakkar ykkur, forystufólki íslenskrar knattspyrnu, fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Það er fyrir ykkar miklu störf sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi uppskar svo ríkulega og stendur eins sterk og raun ber vitni. Við óskum ykkur gæfu á komandi keppnistímabili.

Ársþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að spjalla saman með óformlegum hætti. Staða íslenskrar knattspyrnu er sterk þegar ég segi 70. ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, afhenti viðurkenningar:

- Jafnréttisviðurkenningu KSÍ til FC Sækó.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ 2015 til RÚV og Guðjóns Guðmundssonar.
- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA til Tindastóls.
- Háttvísisviðurkenningu (Kvennabikarinn) í Pepsi-deild kvenna til Stjörnunnar.
- Háttvísisviðurkenningu í 1. deild kvenna til Hamranna.
- Háttvísisviðurkenningu (Dragostytta) í Pepsi-deild karla til Breiðabliks.
- Háttvísisviðurkenningu (Dragostytta) í 1.deild karla til Víkings Ó.
- Háttvísisviðurkenningu í 2. deild karla til KV.
- Háttvísisviðurkenningu í 3. deild karla til KFS.
- Háttvísisviðurkenningu í 4. deild karla til Kónganna.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Ómar Bragi Stefánsson, formaður

Eiríkur Einarsson

Þorsteinn Magnússon

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson

2. þingforseti: Steinn Halldórsson

Voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingí Jónsson

2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson

Voru þeir báðir samþykktir með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra tók til máls og hrósaði sérstaklega barna- og unglingastarfi félaga. Hann sagði það í raun vera furðulegt að Íslandi skyldi koma liðum, bæði karla og kvenna, í lokakeppni Evrópu. Ekki aðeins í fótbalta heldur á sama tíma í handbolta og körfubolta. Hann sagðist oft vera spurður af erlendum kollegum hvernig við færum að þessu. Hann sagðist vanda sig við svarið, en niðurstaða hans væri sú að gott barna- og unglingastarf væri lykillinn að góðum árangri og langtímahugsun í uppbyggingu hefði skilað sér. Sagði að góð aðstaða og góðir þjálfarar væru undirstaða þess árangurs sem nú er raunin.

Illugi rifjaði upp að hann hafi ávallt upplifað það sem svo að eitthvað meira og stærra væri undir þegar landsleikir í knattspyrnu væru spilaðir. Í hugann kæmu landsleikir á fyrstu árunum eftir að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki, en einnig síðar. Við værum litla liðið og það að ná góðum úrslitum gegn stærri þjóðum væri sönnun á því að við stæðum þeim jafnfætis og gætum staðist þeim snúning. Illugi sagði jafnframt að sigur eins og sigurinn gegn Hollandi í Amsterdam hafi ekki verið tilviljun eða heppni, heldur afrakstur mikillar vinnu sem unnin hefur verið í félögnum. Illugi sló á léttu strengi frá sínum æskuárum tengdum knattspyrnu. Hann ítrekaði svo í lokin mikilvægi þess að veita öllum börnum á Íslandi þáttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Í hreyfingunni væri unnið frábært mannræktarstarf.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir, varaforseti ÍSÍ, tók til máls. Helga bar kveðju frá Lárusi Blöndal, forseta ÍSÍ, sem var fjarverandi. Hún sagði líkt og Illugi að öflugt barna- og unglingastarf væri að skila sér í góðum árangri A-landsliðanna í knattspyrnu og í öðrum íþróttum. Við værum að uppskera eftir margra ára gott starf um allt land og starfsemi KSÍ rammaði það inn í fallegri mynd. Helga óskaði KSÍ til hamingju með glæsilega ársskýrslu, knattspyrnuhreyfingunni allri til hamingju með góðan árangur og sendi baráttukveðjur þegar landsliðið herjar á Evrópu í sumar.

Í sameiningu afhentu Helga Steinunn og Hafsteinn Pálsson, formaður Heiðursráðs ÍSÍ, Guðmundi Péturssyni, þingforseta, heiðurskross ÍSÍ. Guðmundur hefur í áratugi lagt gjörva hönd á starf að íþróttum, einkum fyrir KR og KSÍ, en einnig ÍSÍ og víðar.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, tók til máls. Hann þakkaði boðið á ársþing KSÍ og þakkaði sömuleiðis fyrir samstarf UMFÍ við knattspyrnuhreyfinguna í tengslum við unglingalandsmót UMFÍ, þar sem knattspyrnan er fjölmennasta íþrótttagreinin. Haukur talaði um mikilvægi fyrirmynnda í íþróttum og mikilvægi þess að styðja við okkar fyrirmyndir. Það væri ekki einkamál einstaklinganna að vera fyrirmyndir, fyrirmund gæti tæpast verið í frii og væri fyrirmund alla daga. Haukur óskaði knattspyrnuhreyfingunni velfarnaðar í sínu mikilvæga starfi í íslensku samfélagi.

Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands, tók til máls. Sigurður sagði að við mættum vera stolt af stöðu þjálfaramála á Íslandi og áréttáði mikilvægi Þjálfaraskóla KSÍ. Hann sagði að ástæða þess að hann væri uppi í pontu væri að minna á mikilvægi Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands. KþÍ hefur átt í góðu samstarfi við KSÍ um ýmsa fræðsluviðburði og Sigurður vonaðist til að KþÍ gæti í náinni framtíð haft launaðan starfsmann á skrifstofu félagsins sem staðsett er á Laugardalsvelli. Sigurður vonaðist jafnframt til þess að fleiri félög gætu ráðið yngriflokkaþjálfara í fullt starf því árangur landsliða KSÍ sýni mikilvægi góðrar þjálfunar barna og unglings. Sigurður talaði einnig um mikilvægi þess að félög stæðu í skilum við sína þjálfara hvað varðar laun, ekki eingöngu þá þjálfara sem eru að þjálfra flokka sem falla undir leyfiskerfi KSÍ. Að lokum þakkaði hann KSÍ fyrir samstarfið og vonaðist til að það samstarf yrði áfram farsælt.

Álit kjörbréfaneftndar

Ómar Bragi Stefánsson flutti álit kjörbréfaneftndar.

Frá HHF (1): Páll Vilhjálmsson.

Frá HSB (1): Samúel Samúelsson.

Frá HSH (5): Jónas Gestur Jónasson, Helgi Kristjánsson, Hilmar Þór Hauksson, Vigfús Örn Gíslason og Fannar Hilmarsson.

Frá HSK (8): Adolf Ingvi Bragason, Jón Sveinsson, Sævar Þór Gíslason, Einar Þórhallsson, Guðbjartur Örn Einarsson, Þór Emilsson, Jón Þorberg Steindórsson og Hafþór Theodórsson.

Frá HSS (1): Gísli Jón Hjaltason.

Frá HSV (1): Gunnlaugur Jónasson.

Frá HSP (2): Jónas Halldór Friðriksson og Unnar Þór Garðarsson.

Frá ÍA (5): Magnús Guðmundsson, Haraldur Ingólfsson, Örn Gunnarsson, Sævar Freyr Þráinsson og Sveinbjörn Hlöðversson.

Frá ÍBA (4): Aðalsteinn Ingi Pálsson, Eiður Arnar Pálason, Eiríkur Jóhannsson og Sævar Pétursson.

Frá ÍBH (7): Ágúst Sindri Karlsson, Jón Björn Skúlason, Elías Atlason, Birgir Jóhannsson, Viðar Halldórsson, Jón Rúnar Halldórsson, Valdimar Svavarsson.

Frá ÍRB (5): Gunnar Oddsson, Jón G. Benediktsson, Þorsteinn Magnússon, Jón Einarsson, Leifur Gunnlaugsson.

Frá ÍBR (38): Kári Arnórsson, Einar Hermannsson, Einar Már Guðmundsson, Jón Óli Sigurðsson, Ólafur Geir Magnússon, Árni Jónsson, Gunnar Gunnarsson, Kristinn Kjærnested, Þóra Passauer, Jónas Kristinsson, Gísli Hall, E. Börkur Edvardsson, Jóhann Már Helgason, Björn Guðbjörnsson, Guðmundur Breiðfjörð, Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Friðrik Magnússon, Katla Guðjónsdóttir, Haraldur Bjarnason, Þórir Hákonarson, Stefán H. Hagalín, Lúðvík Þorgeirsson, Júlíus Guðmundsson, Kristinn Steinn Traustason, Þórður Einarsson, Feldís Óskarsdóttir, Davíð Kristjón Jónsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Rúnar Óskarsson, Magnús Örn Þórðarson, Björn Ívar Björnsson, Sigurður Sighvatsson, Eiríkur Einarsson, Sindri Geir Sindrason, Stefán Karl Snorrason, Helgi Þorsteinsson og Sigurður Sveinbjörnsson.

Frá ÍBV (5): Jón Ólafur Daníelsson, Ingi Sigurðsson, Bjarni Ólafur Guðmundsson, Haraldur Pálsson og Njáll Ragnarsson.

Frá ÍS (5): Jónas Þórhallsson, Sigurður Halldórsson, Helgi Bogason, Marteinn Ægisson og Ari Gylfason.

Frá UÍA (12): Kristófer Kristjánsson, B. Máni Stefánsson, Brynjar Skúlason, Egill Þorsteinsson, Magnús Ásgrímsson, Björgvin Stefán Pétursson, Bjarni Ólafur Birkisson, Ingi Steinn Freysteinsson, Ívar Sæmundsson, Tómas Guðjónsson, Benedikt Jónsson og Hilmar Bjartþórsson.

Frá UMSE (1): Garðar Nielsson.

Frá UMSB (1): Ívar Örn Reynisson.

Frá UMSK (20): Borghildur Sigurðardóttir, Eysteinn Pétur Lárusson, Vilhelm Már Þorsteinsson, Jón Garðarsson, Algírdas Slapikas, Björgvin Júníusson, Hanna Símonardóttir, Magnús Örn Helgason, Sölvi Snaer Magnússon, Torfi Jóhannesson, Baldur Már Bragason, Valgerður Gunnarsdóttir, Kristinn Ingi Lárusson, Victor Ingi Olsen, Jóhannes Egilsson, Sæmundur Friðjónsson, Þórhallur Siggeirsson, Bjarki Már Sverrisson, Hallur Birgisson og Ásta Lárusdóttir.

Frá UMSS (1): Ómar Bragi Stefánsson.

Frá USÚ (2): Kristján S. Guðnason og Gunnar Ingi Valgeirsson.

Enginn mætti frá: UÍF, UDN, USAH, USVH og USVS.

Fyrnefndir 125 fulltrúar (af 147) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið. Þar að auki mættu fulltrúar héraðssambanda/íþróttabandalaga.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Hún vakti sérstaka athygli á fjölgun iöknda og að aldrei hefðu fleiri fræðsluviðburðir verið haldnir og þáttakendur í þeim hefðu aldrei verið fleiri. Loks nefndi hún þáttöku KSÍ í samfélagsviðburðum og sagði að haldið yrði áfram að taka þátt í slíkum viðburðum.

Gjaldkeri KSÍ, Gylfi Þór Orrason, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til mál og gagnrýndi framsetningu reikninga. Hann gagnrýndi í fyrsta lagi að tekið væri fram hver hagnaður sambandsins væri fyrir styrkveitingu til félaga. Þá fjarveitingu ætti einfaldlega að færa inn sem útgjöld í ársreikninga því þetta væri fastur kostnaður. Hann gagnrýndi að á síðasta ársþingi hefði verið samþykkt ákveðin tilhögur til að jafna ferðakostnað. Þessa samþykkt hefði stjórn KSÍ haft að engu og látið KSÍ taka þátt í jöfnun ferðakostnaðar. Þá vildi Jón Rúnar að laun formanns og framkvæmdastjóra væru sundurliðuð í ársreikningum, þetta hefði ekkert með það að gera hvort laun væru há eða lág, gegnsæi væri aðalatriðið.

Valdimar Leó Friðriksson (UMSK) tók til mál og þakkaði fyrir góða skýrslu stjórnar. Hann sagði jákvætt að réttar ákvarðanir hafi aukið tekjur Knattspyrnusambandsins. Hann spurði um bankainnistæður KSÍ, hvar og hvernig þær væru geymdar. Valdimar hrósæði hæfileikamótun KSÍ og sagði að það væri jákvætt starf. Valdimar setti fram vangaveltur um aukna notkun gervigrasvalla á Íslandi, hvort að félög væru almennt á þessari línu og hver hugmyndin væri með nýjum þjóðarleikvangi, hvort hann yrði lagður gervigrasi, náttúrulegu grasi eða blöndu af gervi- og náttúrulegu grasi. Að lokum ræddi Valdimar um mikilvægi þess að koma virðisaukaskattsfrumvarpi á fullt skrið í umræðuna. Það væri gríðarlega mikil hagsmunamál fyrir félögin að þurfa ekki að greiða virðisaukaskatt vegna framkvæmda við íþróttamannvirki.

Viðar Halldórsson (FH) tók til mál. Hann gerði orð formannsins að umræðuefni. Viðar sagði að þróunin í knattspyrnu væri sú að félög væru í auknu mæli að koma beint að yfirstjórn knattspyrnunnar, þar væri ekki lengur bara um knattspyrnusamböndin að ræða. Viðar sagði að bein aðkoma félaga á Norðurlöndum að rekstri knattspyrnusambanda væri komin lengra en hér á landi. Viðar vonaðist til að það samstarf yrði meira hér á landi og vildi ítreka að þetta væri samstarf, ekki slagur.

Geir Þorsteinsson sagði að innistæða KSÍ væri í Landsbanka Íslands. Hann sagði að ekki væri búið að taka ákvörðun um hvort framtíðarleikvangu Íslands myndi vera lagður gervigrasi eða náttúrulegu grasi. Hann sagðist vera með 1140 þúsund krónur í mánaðarlaun, hefði fengið 830 þúsund krónur í dagpeninga í fyrra og hefði bíl til umráða. Hann fagnaði erindi menntamálaráðherra og sagði að knattspyrnan ætti einnig hauk í horni þar sem væri Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, en embættismannakerfið væri erfitt viðfangs. Geir tók undir mikilvægi þess að umræðan um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til handa íþróttafélögum yrði haldið á lofti. Geir sagðist vera vel þess meðvitaður að UEFA væri í auknu mæli að vinna með félögunum og ræddi um mikilvægi þess að KSÍ ynni í nánu samstarfi við félögin. Undir stjórn Platini hefði UEFA átt gott samstarf við knattspyrnufélögum, en nú væru óvissutímar. Ábendingar formanns FH um færslu reikninga yrðu skoðaðar.

Gísli Gíslason, formaður mannvirkjanefndar KSÍ, tók til mál. Hann sagði að gervigrasvellir væru komnir býsna víða og fór yfir þróunina í Skandinavíu. Hann sagði að kannski væri tímabært að félögin og knattspyrnusambandið settust niður og ræddu þróunina til framtíðar.

Reikningar sambandsins voru samþykktir einróma.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 19

Tillögur á þingskjölum 6 til 19 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6 - Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2016

| | Skýr. | Áætlun 2016 | Raun 2015 | Áætlun 2015 |
|---|-------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | | | | |
| Styrkir og framlög | 1 | 1.725.000.000 | 584.466.354 | 604.800.000 |
| Tekjur af landsleikjum | | 63.000.000 | 59.147.443 | 40.000.000 |
| Sjónvarpsréttur | | 370.000.000 | 367.820.932 | 380.000.000 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 30.900.000 | 35.769.846 | 38.700.000 |
| Rekstrartekjur Laugardalsvallar | | 74.900.000 | 65.087.041 | 64.800.000 |
| | | 2.263.800.000 | 1.112.291.616 | 1.128.300.000 |
| Rekstrargjöld | | | | |
| Kostnaður við landslið | 2 | -1.109.645.000 | -448.783.953 | -492.980.000 |
| Mótakostnaður | | -159.600.000 | -145.169.447 | -142.900.000 |
| Fræðslukostnaður | | -48.900.000 | -47.953.986 | -38.000.000 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3 | -222.300.000 | -208.421.944 | -197.320.000 |
| Húsnæðiskostnaður | | -24.700.000 | -20.793.250 | -21.400.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | | -13.100.000 | -7.269.729 | -7.000.000 |
| Rekstrargjöld Laugardalsvallar | | -70.140.000 | -64.278.884 | -69.700.000 |
| Afskriftir | | -15.000.000 | -13.189.045 | -15.000.000 |
| | | 1.663.385.000 | -955.860.238 | -984.300.000 |
| Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld | | 600.415.000 | 156.431.378 | 144.000.000 |
| Aðrar tekjur og gjöld | | | | |
| Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ | | 35.000.000 | 27.750.000 | 15.000.000 |
| Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ | | -35.000.000 | -27.750.000 | -15.000.000 |
| Fjármagnsliðir | | 22.000.000 | 1.144.849 | 9.000.000 |
| | | 22.000.000 | 1.144.849 | 9.000.000 |
| Hagnaður/tap ársins | | 622.415.000 | 157.576.227 | 153.000.000 |
| Styrkir og framlög til aðildarfélaga | | -413.000.000 | -147.062.633 | -153.000.000 |
| Niðurstaða eftir greiðslur til aðildarfélaga | | 209.415.000 | 10.513.594 | 0 |

| | Áætlun 2016 | Raun 2015 | Áætlun 2015 |
|--|----------------------|--------------------|--------------------|
| 1. Styrkir og framlög | | | |
| ÍSÍ | 33.000.000 | 35.036.850 | 28.800.000 |
| Getraunir | 6.000.000 | 5.520.023 | 6.000.000 |
| UEFA styrkir | 1.506.000.000 | 356.413.536 | 382.000.000 |
| FIFA styrkur | 100.000.000 | 133.745.945 | 128.000.000 |
| Ýmsir styrkir | 80.000.000 | 53.750.000 | 60.000.000 |
| | 1.725.000.000 | 584.466.354 | 604.800.000 |
| 2. Kostnaður við landslið | | | |
| A-landslið karla | 808.800.000 | 228.428.531 | 220.800.000 |
| U-21 landslið karla | 43.000.000 | 40.414.808 | 50.350.000 |
| U-19 landslið karla | 15.500.000 | 15.287.016 | 22.500.000 |
| U-17 landslið drengja | 35.100.000 | 35.009.791 | 34.040.000 |
| A-landslið kvenna | 113.550.000 | 59.419.912 | 83.900.000 |
| U-19 landslið kvenna | 14.445.000 | 19.174.877 | 23.810.000 |
| U-17 landslið stúlkna | 32.250.000 | 23.159.571 | 28.250.000 |
| Sameiginlegur landsliðskostnaður | 47.000.000 | 27.889.447 | 29.330.000 |
| | 1.109.645.000 | 448.783.953 | 492.980.000 |
| 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | | |
| Launakostnaður | 122.500.000 | 113.549.322 | 114.000.000 |
| Launatengd gjöld | 27.300.000 | 22.619.563 | 23.700.000 |
| Skrifstofu- og rekstrarkostnaður | 72.500.000 | 72.253.059 | 59.620.000 |
| | 222.300.000 | 208.421.944 | 197.320.000 |

Stjórn KSÍ

Þórður Einarsson (Leiknir R.) tók til máls og spurði hvort búið væri að ákveða hvernig skiptingin yrði til aðildarfélaga á þeim fjármunum sem veittir verða til þeirra á næsta ári.

Geir Þorsteinsson sagði að ekki væri búið að ákveða það en að það yrði tekið til umræðu og ákvörðunar innan stjórnar.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt einróma.

Þingskjal 7

Róbert Agnarsson, formaður mótanefndar KSÍ, hafði framsögu.

Tillaga um breytingar á lögum KSÍ

– Deildakeppni kvenna –

Lagt er til við ársþing KSÍ eftirfarandi breyting á lagaákvæði 33.2. og viðeigandi breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

Núverandi lagaákvæði:

33. grein - Knattspyrnumót
33.2. Í 0. deild Íslandsmóts meistaraflokks kvenna skulu vera 10 lið og í 1. deild skulu vera þau lið, sem ekki eiga sæti í efstu deild.

Greinin hljóði svo, breytingar feitletraðar:

33. grein - Knattspyrnumót
33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í **3 deildir**, 0. deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og **2. deild** skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í **tveimur efstu deildunum**.

Ákvæði til bráðabirgða 2016:

2. deild kvenna skal fyrst leikin 2017. Árið 2016 skal stjórn KSÍ ákveða keppnisfyrirkomulag 1. deildar þegar þátttaka liggur fyrir, skv. ákvæði 32.1.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Tvö efstu lið 1. deilda kvenna 2016 leika í 0. deild kvenna 2017.

Í 1. deild kvenna 2017 leika 10 lið – þau 2 lið sem hafna í 9. og 10. sæti 0. deilda kvenna 2016 og þau 8 lið sem hafna í sætum 3. – 10. í 1. deild kvenna 2016.

Í 2. deild kvenna 2017 leika önnur félög en þau sem eiga rétt til að leika í 0. og 1. deild kvenna.

Greinargerð:

Þátttökuliðum í 1. deild kvenna hefur fjölgað undanfarin ár úr 15 liðum árið 2010 í 20 lið árið 2015. Samfara þessu hefur getumunur liðanna aukist. Mikilvægt er að skapa skilyrði þar sem keppni er jafnari. Með því að skipta keppni meistaraflokks kvenna í þrjár deildir verður keppni í 1. deild betri undirbúnningur fyrir þátttöku hlutaðeigandi liða í Pepsi-deild kvenna. Jafnframt er líklegt að ný 2. deild kvenna auðveldi nýjum félögum að hefja þátttöku.

Mótanefnd KSÍ

Þórir Hákonarson (Þróttur R.) tók til máls um þingskjal 7. Hann benti á að gert er ráð fyrir 10 liðum í neðstu deild. Hingað til hefur 1. deild kvenna verið svæðaskipt sem hefur auðveldað félögum ferðakostnað. Þórir lýsti því yfir að hann efaðist um að þessi tillaga myndi auðvelda nýjum félögum að hefja þátttöku, ferðakostnaður gæti orðið of mikill fyrir ný félög og þessi breyting gæti leitt til fækkunar félaga.

Viðar Halldórsson (FH) tók undir með Þóri. Hann vildi einnig að knattspyrnuhreyfingin myndi endurskoða fjölda landsdeilda í knattspyrnu karla, þær væru fleiri hér á landi en í sumum landanna sem næst okkur eru.

Róbert Agnarsson svaraði og sagði ekkert útilokað að hægt yrði að raða neðstu deildinni þannig niður að hún yrði í stórum dráttum landshlutaskipt.

Jónas Halldór Friðriksson (Völsungur) tók til máls og lýsti yfir stuðningi við þessa tillögu. Jónas sagði að ekki mætti láta ferðakostnað bitna á gæðum knattspyrnunnar. Breytt tilhögun myndi tvímælalaust auka gæði fótboltans.

Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður KSÍ, lýsti yfir stuðningi við þessa tillögu. Bilið milli deilda væri of mikið, þetta væri tvímælalaust framfararskref.

Ómar Bragi Stefánsson (Tindastóll) lýsti sömuleiðis yfir stuðningi við þessa tillögu og hvatti þingfulltrúa til að samþykkja tillöguna.

Haraldur Haraldsson (Víkingur R.) tók til máls. Hann lýsti einnig yfir stuðningi og hvatti til samþykktar, kominn væri tími til.

Hanna Símonardóttir (Hvíti riddarinn) lýsti yfir stuðningi. Hanna sagðist skynja mikinn vilja hjá félögum til að senda ný lið til keppni og taldi að þessi tillaga myndi fjölga liðum.

Ágúst Sindri Karlsson (Haukar) tók til máls. Hann sagði að þetta myndi eflaust auka ferðakostnað en sagðist efast um að sú skuldastaða sem félög væru mörg hver í væri tilkomin vegna kvennaboltans.

Þórir Hákonarson tók aftur til máls. Hann sagðist ekki sannfærður um að þessi tillaga myndi auka gæði og sagði að það væri ekki hægt að loka augunum fyrir auknum kostnaði.

Viðar Halldórsson tók til máls. Hann vildi ekki stilla þessi upp sem karlknattspyrna gegn kvennaknattspyrnu. Viðar efaðist um að þetta myndi auka gæði í knattspyrnu kvenna og sagði að ekki væri hægt að útiloka kostnað í umræðunni um þessa tillögu. Skyndilega væru menn farnir að segja að kostnaður skipti ekki máli.

Katla Guðjónsdóttir (Víkingur R.) tók til máls. Hún sagði að getumunurinn í 1. deild kvenna eins og hún er í dag væri ótrúlega mikill. Hún sagðist ekki skilja hvernig hægt væri að vera á móti þessari tillögu, sagði hjartslátt sinn aukast við að heyra slíkt. Hvatti til samþykktis.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, tók til máls og hvatti til að tillagan yrði samþykkt.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 8

Sveinbjörn Hlöðversson, Kára, hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
— *Leikmannaskiptingar í 3. deild—*

Tillaga að breytingu á grein 23.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að heimilt verði að setja fimm varamenn inn á í leik í 3. deild karla líkt og í 4. deild. Núgildandi reglugerð kveður svo á um að í 3. deild sé heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik.

Greinargerð

Ástæðan fyrir tillöggunni er sú að 3. deild er án vafa hluti af neðri deildum KSÍ og væri því að okkar mati eðlilegt að hún inniheldi sömu reglur varðandi innáskiptingar og 4. deild. Við teljum að í neðri deildum eigi að vera minni takmarkanir á leikmannafjölda í hverjum leik og stingum við því upp á að innáskiptingar verði 5 líkt og í 4. deild. Kári er að fara að spila sitt þriðja tímabil í þessari nýju 3.deild og það hefur oft komið upp sú staða að við hefðum viljað leyfa fleiri leikmönnum að spreyyta sig en núverandi regla leyfir. Ferðalög í 3. deild eru oft löng og það getur verið leiðinlegt að sjá 4 leikmenn af 18 manna hóp snúa til baka án þess að fá tækifæri til að spreyyta sig. Einnig ef leikir eru að þróast í þá átt að úrslit eru nánast ráðin að þá væri gaman að leyfa sem flestum að spila, t.d. væri þannig leikur gott tækifæri fyrir unga leikmenn til að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokk. Við teljum að þetta hafi ekki teljandi áhrif á leiki í deildinni því jafnir leikir munu alltaf innihalda færri skiptingar en þeir leikir sem verða ójafnir. 3.deild er frábær viðbót við deildarkeppnina og að okkar mati yrði hún ennþá betri ef fleiri leikmenn þessara liða fengu tækifæri á að taka þátt í leikjum hennar.

Kári

Róbert Agnarsson, formaður mótanefndar, tók til máls. Hann benti á að ástæðan fyrir því að leyfðar væru 5 skiptingar í 4. deild væri sú að litið væri á þá deild sem grasróttarknattspyrnu. Róbert sagði að sú regla væri á gráu svæði því þetta væri einfaldlega óheimilt samkvæmt knattspyrnulögum, þ.e. að leyfa 5 skiptingar.

Tillaga á þingskjali 8 var samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 9

Þórður Einarsson, Leikni R., hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót — *Hlutgengi leikmanna—*

Tillaga að breytingu á grein 25.1.5., 26.1.5. og 27.1.3.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til, þegar félag er með tvö A lið í móti í 2. flokk karla, þá verði leikmanni sem leikið hefur með liði 1 ekki heimilt að leika með liði 2. Núgildandi reglugerð kveður svo á um að leikmanni sem leikið hefur með liði 1 sé ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

Þá er lagt til, þegar félag er með tvö A lið í móti í 3. flokk karla, þá verði leikmanni sem leikið hefur með liði 1 ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir þrjá næstu leiki. Núgildandi reglugerð kveður svo á um að leikmanni sem leikið hefur með liði 1 sé ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

Loks er lagt til, þegar félag er með tvö A lið í móti í 4. flokk karla, þá verði leikmanni sem leikið hefur með liði 1 ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næstu A liðs leiki þar á eftir. Núgildandi reglugerð kveður svo á um að leikmanni sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

Greinargerð

Þegar félag sendir fleira en eitt lið til keppni er ekki eðlilegt að sömu leikmenn séu ítrekað a skýrslum beggja liða. Því miður hefur þetta komið alltof oft fyrir. Þá hlýtur markmiðið með því að skrá tvö lið að vera farið út í veður og vind. Eins getur í núverandi fyrirkomulagi leikmaður hæglega spilað A leik á laugardegi og svo ef lið 2 spilar beint í beit eða á sunnudegi en á svo t.d ferð fyrir höndum næstu helgi þar á eftir að spila við tvö lið utan af landi notað alla leikmenn A-liðs og það löglega ef það var t.d engin A-leikur á milli. Það skemmir mótt annarra félaga.

Leiknir R.

Róbert Agnarsson, formaður mótanefndar, tók til máls. Hann sagði að deilur hefðu oft komið upp vegna þessa fyrirkomulags og að sjálfsagt væri að skoða breytingu á þessari reglugerð. Róbert lagði til að þessari tillögu yrði vísað til stjórnar KSÍ.

Samþykkt var að vísa tillögu 9 til stjórnar.

Þingskjal 10

Unnar Þór Garðarsson, Völsungi, hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

– Eldri leikmenn í 3. flokki –

Tillaga að breytingu á 26. og 34. grein reglugerðar um knattspyrnumót - 3. flokkur.

Tillagan hljóðar svona:

Heimilt verði fyrir lið sem ekki halda úti 2. flokki í Íslandsmóti að skrá þrjá leikmenn 2. flokks sem verða 17 ára á almanaksárinu til leiks með 3. flokki. Skráðir yrðu þrír leikmenn fyrir tímabilið og mættu þeir allir vera í leikmannahóp en einungis mættu tveir vera inná í einu. Umræddir leikmenn mega ekki hafa leikið í næsta leik á undan með meistaraflokki félagsins.

Greinargerð

Með þessari breytingu verður heimilt að nota þrjá leikmenn á yngsta ári 2. flokks (17 ára á almanaksárinu) í hóp hjá 3. flokki. Með þessu er hægt að hjálpa minni félögum sem ekki bjóða uppá 2. flokk og eru jafnvel líka í vandræðum með fámenni í 3. flokki að halda úti liðum í Íslandsmóti og hafa verkefni fyrir leikmenn sem ekki komast að í meistaraflokki. Umrædd tillaga gildir einungis fyrir lið sem ekki halda úti 2. flokki.

Völsungur

Róbert Agnarsson, formaður mótanefndar, tók til máls. Róbert sagði að þessi tillaga væri til þess fallin að leysa einn vanda en skapa annan, þ.e. að með þessu myndu leikmenn í 3. flokki mæta eldri leikmönnum og því færí keppnin ekki fram á jafnréttisgrundvelli.

Unnar Þór svaraði og ítrekaði að hugmyndin með þessari tillögu væri að gefa fleiri leikmönnum tækifæri. Hann lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt var að vísa tillögu 10 til stjórnar.

Þingskjal 11

Gísli Gíslason hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál – Aga- og úrskurðarreglugerð –

Tillaga að breytingu á grein 3, 4, 5, 6 og 7, 14, 17 og 18

Tillagan hljóðar svona:

Ársþing KSÍ 2016 samþykki betrumbætt eða breytt orðalag tilgreindra ákvæða með eftirfarandi hætti:

Í grein 3.1 komi fram að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurði í öllum agamálum KSÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í öllum kæru- og ágreiningsmálum, sem upp koma innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Í núgildandi ákvæði segir að nefndin sé einungis úrskurðaraðili í kærumálum.

Í grein 3.3 segi að nefndin geti beitt viðurlögum vegna brota gegn lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ eða öðrum reglum. Í núgildandi ákvæði segir að nefndin geti „tekið ákvörðun um viðurlög“ ... Einnig er lagt til að í ákvæðinu verði milliliðir taldir upp í stað umboðsmanna ,skv. núgildandi ákvæði.

Í grein 4.2 muni ekki sérstaklega kveða á um að formaður aga- og úrskurðarnefndar skuli ákveða nánara verklag heldur en segir til um í fyrri málsgrein ákvæðisins.

Að grein 5.1 muni skiptast í a) og b) lið. Í henni segi að málsmeyferðarreglur samkvæmt reglugerðinni skiptist í tvennt: a) agamál og b) kærumál vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KSÍ.

Í grein 5.3. segi að nefndin geti ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum eða munnlegum athugasemdum frá KSÍ eða öðrum þeim er málið varðar við málsmeyferð. Í núgildandi ákvæði segir að nefndin geti aðeins óskað eftir skriflegum athugasemdum í þessu samhengi.

Í grein 6.4. segi að nefndin skuli verða við kröfu aðila um að málsmeyferð agamála fari eftir reglum um kærumál þegar mál eru alvarlegs eðlis eða geta varðað viðurlögum, skv. grein 13.1.4 og 13.1.5. Skuli slík mál fá flýtimeðferð skv. grein 7.6. Þá segi í ákvæðinu að mál þau er fá kærumeðferð, skv. framangreindu, skulu fá sérstaka flýtimeðferð í því skyni að mögulegt leikbann geti verið samfellt. Í núgildandi ákvæði kveður svo á um að nefndin „geti“ orðið við kröfu aðila um að málsmeyferð fari eftir reglum um kærumál þegar og ef mál eru alvarlegs eðlis og geta varðað þyngstu viðurlög.

Að í grein 7.1. verði tilgreint hver varnaraðili í kærumáli hjá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ geti verið. Í ákvæðinu segi að varnaraðili geti verið hver sá sem tilgreindur er í grein 3.3. Þá verði bætt við ákvæðið að mál vegna greina 13.1.4 og 13.1.5, 14.2.3, 15 og 16 skv. reglugerð þessari skuli fara með sem kærumál og skuli þau fá flýtimeðferð þegar við á. Meðferð kærumála fyrir aga- og úrskurðarnefnd fresti ekki lágmarks sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.

Í grein 14.1. segi að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákveði viðurlög við einstökum brotum á leyfisherfi KSÍ að fengnum viðeigandi formlegum ábendingum og upplýsingum frá leyfisstjórn, sbr. það sem fram kemur í greininni. Í núgildandi ákvæði segir að nefndin ákveði viðurlög við einstökum brotum á leyfisherfi KSÍ að fengnum viðeigandi upplýsingum frá leyfisstjórn.

Í grein 14.2.3 segi að félag þurfi að hafa vísvitandi lagt fram röng eða fölsuð gögn/skjöl með umsókn um þátttökuleyfi svo það sæti viðurlögum. Núgildandi ákvæði kveður svo að félag sem verður uppvist að því að hafa lagt fram röng eða fölsuð gögn/skjöl með umsókn um þátttökuleyfi, skal sæta viðurlögum.

Í grein 17.2.1 segi nánar til um hvers konar agamálum getur verið áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ. Þar komi fram til viðbótar að leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verði ekki áfrýjað. Fái leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þurfi þynging refsingar að vera tveir leikir eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis verði heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.

Í grein 17.2.2. verði kveðið svo á um að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,- geti verið skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ. Núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir að viðmiðunarupphæðin sé kr. 25.000,- í þessu samhengi.

Í grein 17.3. verði frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar, í stað 5, frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagará ekki taldir með.

Að í nýrri grein 17.4. komi fram að áfrýjun mála fresti réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum sjálfkrafa leikbönnum skv. 13. grein sem leikmenn taka út þegar í stað.

Að í nýrri grein 17.5 muni það koma fram sem nú stendur í grein 17.4. Þ.e. að um meðferð áfrýjunarmála fyrir áfrýjunardómstól KSÍ fer að öðru leyti eftir lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ.

Að í grein 18.1. segi að heimilt sé að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum. Í núgildandi ákvæði segir að heimilt sé að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sbr. nánar reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ.

Greinargerð

Tillagan kemur til móts við þau sjónarmið sem fram komu í tillögu sem lögð var fyrir ársþing KSÍ árið 2014. Í þeirri tillögu var lagt til að opnað væri á frekari möguleika á munnlegum málflutningi alvarlegrí agabrota (leikbann umfram two leiki) og hert á kröfum um rökstuðning í úrskurðum. Tillagan gerði einnig ráð fyrir sambærilegum breytingum á reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ.

Fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir því að varði brot við grein 13.4.1., (leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu) og grein 13.1.5 (heimild til að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða) þá sé skyld að verða við kröfu um munnlegan málflutning málsins og að málið sæti flýtimeðferð.

Þá er kveðið á um það í tillögu að breytingu að mál sem varða röng leyfisgögn (grein 14.2.3), óeðlileg áhrif á úrslit leiks (grein 14) og mismunun (grein 16) skuli meðhöndluð sem kærumál, þar sem munnlegur málflutningur er heimilaður og sæta flýtimeðferð þegar við á. Tekið er fram í þessu efni að meðferð málsins fyrir aga- og úrskurðarnefnd eða áfrýjun fresti ekki sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.

Þá er lagt til að heimilt verði að áfrýja leikbanni sem nemur a.m.k. tveimur leikjum umfram sjálfkrafa leikbann vegna brottvísunar.

Sú tillaga sem liggur fyrir er rýmri en núgildandi reglugerð og kemur því til móts við þá tillögu sem lögð var fram á ársþinginu 2015. Hafa ber þó í huga að með rýmri reglum er ekki tryggt að leikbónn í einstökum tilvikum verði samfelld ef dagskrá leikja er þétt og mál tekur lengri tíma með áfrýjun.

Stjórn KSÍ

Tillaga 11 var tekin fyrir samhliða þingskjali 12 og 13.

Pingskjal 12

Borghildur Sigurðardóttir, Breiðabliki, hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál —Aga- og úrskurðarreglugerð—

Tillaga að breytingu á grein 6.2.**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að skrifstofu KSÍ verði gert skylt að tryggja félagi, eins fljótt og auðið er, afrit af skýrslu dómara og öðrum gögnum er við koma þegar leikmaður, þjálfari eða forráðamaður þess félags fær brottvísun, eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir við. Skulu þau gögn berast viðkomandi félagi eigi síðar en 10 klst. áður en næsti reglulegi fundur aga- og úrskurðarnefndar fer fram. Þá er lagt til að athugasemdir félags skuli berast aga- og úrskurðarnefnd eigi síðar en 4 klst. áður en næsti reglulegi fundur nefndarinnar hefst. Loks er lagt til að aga- og úrskurðarnefnd verði gert skylt að verða við ósk félaga um munnlegan eða skriflegan flutning máls varði málið þyngingu viðurlaga umfram sjálfkrafa leikbanni. Skal þá fara með mál líkt og um kærumál sé að ræða skv. grein 6.4 og grein 7.5 í núgildandi reglugerð.

Greinargerð

Nokkur dæmi eru um að málsaðilar hafa ekki óskað eftir gögnum þegar um brottvísanir eða athugasemdir er að ræða og hafa því ekki haft tækifæri til þess að verja mál sitt. Hugmyndin er sú að félög fái nú sjálfkrafa afrit af skýrslu dómara þegar um brottvísun eða athugasemdir er að ræða, gögnin verði send málsaðilum strax næsta dag eftir að leik lýkur. Bendi málsatvik og skýrsla dómara til þess að um þyngingu viðurlaga geti verið að ræða getur félag óskað eftir munnlegum eða skriflegum flutningi máls þannig að aga – og úrskurðarnefnd fái sem skýrasta mynd af málsatvikum.

Tillaga að breytingu á grein 11.**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að aga- og úrskurðarnefnd verði gert skylt að senda staðfest endurrit úrskurðar, jafnt í kærumálum sem og agamálum, jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti eða símbréfi. Þá er lagt til að úrskurður nefndarinnar, ásamt rökstuðningi, skuli einnig vera birtur á heimasíðu KSÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

Greinargerð:

Mikilvægt er fyrir félögin og aðra málsaðila að fá afrit af úrskurðum nefndarinnar ásamt rökstuðningi hennar þannig að félögin séu ávallt upplýst um með hvaða hætti nefndin er að úrskurða. Slíkt fyrirkomulag veitir jafnframt mikilvægt aðhald og meira samræmi verður í úrskurðum.

Breiðablik**Fylkir****ÍBV****KR****Víkingur Ólafsvík**

Tillaga 12 var tekin fyrir samhliða 11 og 13.

Þingskjal 13

Gísli Gíslason hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ – Áfrýjunardómstóll KSÍ –

Tillaga að breytingu á grein 3, 5 og 6

Tillagan hljóðar svona:

Ársþing KSÍ 2016 samþykki viðbætt, betrumbætt eða breytt orðalag nánar tilgreindra ákvæða með eftirfarandi hætti:

Í grein 3.2. verði milliliðir taldir upp í stað fyrir umboðsmenn, skv. núgildandi ákvæði.

Í grein 5.2.1 verði því bætt við ákvæðið að leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verði ekki áfrýjað. Fái leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þurfi þynging refsingar að vera tveir leikir eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis verði heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.

Í grein 5.2.2 verði kveðið svo á um að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,- geti verið skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ. Núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir að viðmiðunarupphæðin sé kr. 25.000,- í þessu samhengi.

Í grein 5.3 verði frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar, í stað 5, frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagará ekki taldir með.

Að í grein 6 segi að heimilt sé að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ölympíusáttmálann eða túlkun á honum. Í núgildandi ákvæði segir að heimilt sé að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild sbr. nánar reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstóli KSÍ.

Greinargerð

Þessi breytingatillaga lýtur að bættu og skýrara orðalagi í takt við líðandi stund. Eru breytingar þessar lagðar til samhliða tillögu stjórnar KSÍ um breytingu á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd.

Stjórn KSÍ

Gísli Gíslason fór yfir þingskjöl 11, 12 og 13 þar sem hann taldi að öll þessi þingskjöl tengdust það mikið.

Þórir Hákonarson (þróttur R.) tók til mál og lýsti yfir stuðningi við þingskjal 12. Brýnt væri að heimila munnlegan málflutning ef um þyngingu væri að ræða.

Geir Þorsteinsson sagði að þetta væri þriðja þingið sem fjallað er um þessi mál. Geir taldi að það væri ekki hægt að velta ábyrgðinni af félögunum við að fylgjast með umfjöllunum aga- og úrskurðanefndar yfir á skrifstofu KSÍ. Það væri ábyrgð félaganna að fylgjast með þessum málum. Geir mælti með að tillöggunni yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt var að vísa þingskjölum 11, 12 og 13 til stjórnar.

Þingskjal 14

Jónas Gestur Jónasson, Víking Ó., hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

—Knattspyrnuleikvanger—

Tillaga að breytingu á grein 8.4.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að í reglugerðinni verði ekki áfram gerð skylda til að kurl í grasi þurfi að vera ljóst að lit.

Greinargerð

Núgildandi ákvæði er einfaldlega íþyngjandi og engin rök fyrir því að kurlið geti ekki verið með öðrum lit en ljósum. Fjölmargir vellir eru þegar með dökku kurli og svo lengi sem efnið er ekki skaðlegt eða mengandi getur litur þess ekki verið ráðandi og íþyngjandi.

Tillaga að breytingu á grein 8.6.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga verði ekki áfram gerð skylda að leikvellir séu útbúnir jarðfostu og sjálfstýrðu vökvunarkerfi, hvorki í flokki A né B við nýframkvæmdir né á leikvöllum með knattspyrnugrasí. Þá er lagt til að það verði ekki áfram á valdi KSÍ að úrskurða um tæknilausrnir og samþykkja sérhvern leikvöll, líkt og núgildandi reglugerð kveður á um.

Greinargerð:

Íþyngjandi ákvæði að vökvunarþúnaður skuli vera jarðfastur og sjálfstýrður. Þegar eru nokkrir vellir, nýir sem eldri, ekki með jarðfastan og sjálfstýrðan búnað og ekki ástæða til þess að þegar skipt er um gras/knattspyrnugras að farið sé í meiriháttar framkvæmdir til að uppfylla þessi skilyrði þegar annar búnaður getur uppfyllt skilyrði til vökvunar jafn vel.

Breiðablik

Fylkir

ÍBV

KR

Víkingur Ólafsvík

Gísli Gíslason tók til máls og sagði að vellir væru ýmist með dökku eða ljósu gúmmíkurli. Í reglugerð KSÍ um yfirborð leikvalla segir að vellir skuli vera án efna sem teljast skaðleg heilsu eða mengandi. Hann benti á að skynsamlegra væri að vera með ljóst kurl innandyra því dökkt kurl drekkur í sig meira ljós. Varðandi vökvunarkerfið, þá sagði Gísli að KSÍ setji ekki þá kröfu að knattspyrnuleikvanger í flokki B séu með jarðfostu og sjálfstýrðu vökvunarkerfi heldur mælti KSÍ eingöngu með að nýir vellir sem lagðir eru væru með slíkan búnað. Hann taldi ekki rétt að hnika frá þeirri kröfu þegar kemur að völlum í flokki A en aðeins sé einn knattspyrnuvöllur í A flokki og það er Laugardalsvöllur. Og Gísli vildi halda í þá kröfu að nýjasta og besta vökvunartækni yrði til staðar ef yrði ráðist í framkvæmdir á Laugardalsvelli. Í flokki B yrðu slík kerfi æskileg, en ekki skylda.

Þórir Hákonarson (þróttur R.) tók til máls og vildi koma því á framfæri að hann væri mótfallinn því að Knattspyrnusambandið setti kröfur á félög sem væru íþyngjandi fyrir þriðja aðila, yfirleitt sveitarfélögin í þessu tilfelli.

Ágúst Sindri Karlsson (Haukar) tók til máls. Hann sagði að það skipti sig engu máli hvort að kurlið væri ljóst eða dökkt í gervigrasvöllum. Mestu máli skipti að kurlið væri ekki heilsuspíllandi.

Tillaga á þingskjali 14 var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Þingskjal 15: Þingforseti ákvað að ræða þingskjöl 15, 16 og 19 samhliða.

Jónas Gestur Jónasson, Víking Ó., hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

—Viðræður við leikmenn—

Tillaga að breytingu á grein 8.1.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að samningsbundnum leikmanni sé heimilt að eiga í viðræðum við önnur félög 6 mánuðum áður en samningi hans lýkur eða eftir 30. júní sé hann samningsbundinn til 31. desember. Í núgildandi reglugerð kveður svo á um að leikmanni sé heimilt að ræða við önnur félag eftir 15. október sé samningur hans að renna út næstu áramót. Samhliða þessari breytingartillögu er lagt til að breyting verði gerð á viðeigandi ákvæðum í stöðluðu samningsformi KSÍ.

Greinargerð

Núgildandi regla samræmist ekki alþjóðareglum, þ.e. reglugerð FIFA þar sem segir “A professional shall only be free to conclude a contract with another club if his contract with his present club has expired or is due to expire within six months.” Það er því eðlilegt að reglur KSÍ séu færðar til samræmist við alþjóðareglur í þessum efnum og öll lið, hvort sem þau eru erlend eða innlend, sitji við sama borð.

Breiðablik
Fylkir
Víkingur Ólafsvík

Þingskjal 16

Ingi Sigurðsson, ÍBV, hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

—Viðræður við leikmenn—

Tillaga að breytingu á grein 8.1.**Tillagan hljóðar svona:**

Heimilt verði fyrir leikmann, sem er með samning sem rennur út fyrir næstu áramót, að skrifa undir félagaskipti, eiga í samningaviðræðum og skrifa undir samning við annað félag eftir 1. nóvember, í stað 15. október skv. núgildandi reglugerð.

Greinargerð

Breyting á tímamörkum frá 15. okt. til 1. nóv. er til þess fallin að gefa félögum og leikmönnum betra tækifæri til að ræða saman. Það er yfirleitt verið að leika síðustu umferðirnar í byrjun okt. og því óheppilegt fyrir báða aðila að tímamörkin séu svo knöpp. Keppnistímabilið á Íslandi stangast á við flest öll lönd í Evrópu og því þarf að aðlaga þessa grein að þeim aðstæðum. Það þarf að tryggja það að leikmenn og félög verði fyrir sem minnstu raski yfir það stutta tímabil sem er hér á landi.

ÍBV

Þingskjal 19

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga
– Tímabundin félagaskipti –

Tillaga að breytingu á grein 16.3. og 10.1.3.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að sú breyting verði gerð á ákvæði 16.3 í reglugerðinni að orðalagið; „leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu frá og með 1. ágúst fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 16. október sama ár.“ verði fjarlægt úr ákvæðinu. Samhliða því verði félögum gert heimilt, með ákvæði 10.1.3, að kalla til baka hvenær sem er eftir eftir 31. júlí samningsbundinn leikmann á tímabundnum félagaskiptum sem hefur verið á tímabundnum félagaskiptum að lágmarki í einn mánuð.

Greinargerð

Það er verulega heftandi fyrir unga efnilega leikmenn að öðlast séns á spiltíma ef ekki er hægt að kalla leikmann til baka eftir 1.ágúst þar sem þjálfari veigrar sér þá frekar við að lána út leikmann. Í Englandi t.d er löglegt að kalla leikmann til baka úr láni eftir að glugginn lokar.

Leiknir

Umræða um þingskjöl 15, 16 og 19:

Þórir Hákonarson (Þróttur R.) tók til máls og tók fram að ekki megi ganga á réttindi leikmanna til atvinnufrelsис. Hann benti á að 1. deild kvenna lýkur um miðjan september og ef dagsetningin yrði færð til 1. nóvember, þá væru leikmenn úr deildinni atvinnulausir í um two mánuði. Þórir benti á að alls staðar annars staðar væri heimilt að ræða við leikmenn 6 mánuðum áður en samningur þeirra rennur út og sama fyrirkomulag ætti ekki að vera vandamál hér frekar en annars staðar. Þar eru tímabil enn í gangi þegar byrjað er að ræða við leikmenn.

Geir Þorsteinsson tók til máls og lagði til að KSÍ skipi starfshóp sem myndi fjalla um þingskjöl 15, 16 og 19. Núverandi kerfi hefði verið við lýði í 20 ár og það gæti vart skipt sköpum þótt svo yrði eitt ár enn.

Örn Gunnarsson (ÍA) tók til máls og sagði að knattspyrnan á Íslandi beri að fara eftir félagaskiptareglum FIFA, þ.e. að ræða má við leikmann sex mánuðum áður en samningur hans rennur út. Hann ítrekaði að leikmenn verði að búa við ákveðið atvinnuöryggi og það gæti skapað réttaróvissu ef KSÍ færí á skjön við reglur FIFA. Hann mælti með að þingskjal 15 yrði samþykkt.

Geir Þorsteinsson tók til máls og lýsti yfir bjartsýni um að geta hugsanlega fengið undanþágu frá reglugerð FIFA um félagaskipti, það hefði áður gerst.

Bjarni Ólafur Guðmundsson (ÍBV) tók til máls. Hann lýsti yfir vilja til að vísa þessu máli til stjórnar og hvatti til heiðarleika hjá félögum í þessum efnunum þar til stjórnin kæmist að niðurstöðu.

Einar Hermannsson (Fjölnir) tók til máls. Hann gerði athugasemd við þingskjal 15 og kom með breytingatillögu þess efnis að viðræður við leikmenn færuru fram með vitund félagsins sem hann leikur með.

Samþykkt var með þorra atkvæða að vísa tillögum 15, 16 og 19 til stjórnar.

Þingskjal 17

Hanna Símonardóttir, Hvítá Riddaranum, hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

—Skráningargjald félagaskipta —

Tillaga að breytingu á grein 13

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að fellt verði niður skráningargjald félagaskipta á milli félaga sem tefla fram sameiginlegu liði í 2. flokki, en einungis hjá því kyni sem sameiginlega liðið er. Lagt er til að gjöldin verði einungis felld niður hverju sinni sem félagaskipti eiga sér stað á þeim tíma sem liðin tefla fram sameiginlegu liði. Ljúki samningi um sameiginlegt lið kemur félagaskiptagjald aftur á hjá báðum félögum.

Greinargerð

Mikill samgangur leikmanna er á milli þessara liða af leikmönnum. Leikmenn sem er nýgengnr upp úr 2. flokk og eru ekki tilbúnir að spila með meistaraflokk „Stærri“ liðanna fara þá gjarnan í „smærri“ liðin til að öðlast leikreynslu. Einnig fara eldri leikmenn sem eru að koma úr meiðslum eða vegna annar ástæðna á milli liða til að koma sér aftur á stað í fótbolta.

Ef „stærra“ liðið er ekki í Úrvalsdeild karla/kvenna, eða 1. deild karla er liðum óheimilt að lána leikmenn á milli liða. Þess vegna þurfa að fara fram formleg félagaskipti sem fela í sér mikinn kostnað fyrir lið í 3. og 4. deild karla eða í 1 deild kvenna vegna tíðra skráningargjalda.

Hvítá Riddarinn

Jóhannes Ólafsson, formaður samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ, tók til máls og benti á að það verður að gæta jafnræðis í félagaskiptum.

Tillaga á þingskjali 17 var samþykkt með naumum meirihluta.

Þingskjal 18

Ingí Sigurðsson, ÍBV, hafði framsögu.

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

– Viðurlög vegna viðræðna við leikmenn –

Tillaga að breytingu á grein 14.13.

Tillagan hljóðar svona:

Heimilt verði fyrir félag að ræða við samningsbundinn leikmann og samningsbundinn leikmann við félag eftir 1. nóvember ár hvert, í stað 15. október skv. núgildandi reglugerð, án leyfis viðkomandi félags, ef samningur hans rennur út eigi síðar en um næstu áramót.

Jafnframt er lagt til að tekin verði upp sérstök viðurlög við brot á grein 14.13. Þ.e. ef félag og/eða leikmaður gerist uppvist að því að brjóta ákvæði 14.13 sé samninga og félagaskiptanefnd heimilt að beita eftirfarandi viðurlögum:

- A. Félag verði dæmt til að hefja komandi keppnistímabil með -1 til -3 stig, allt eftir eðli og umfangi brotsins.
- B. Leikmaður verði dæmdur til að hefja komandi keppnistímabil í eins til þriggja leikja banni, allt eftir eðli og umfangi brotsins.
- C. Félag verði dæmt til að greiða sekt/skaðabætur til þess félags sem brotið beinist gegn, og skal fjárhæð brotsins aldrei vera lægri en 300 þús.kr. og að hámarki 1,5 m.kr.

Greinargerð

Í ljósi úrskurðar samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ í máli ÍBV gegn Fylki dags. 12. nóvember 2015, er mikilvægt að endurskoða umrædda grein 14.13. Tilgangurinn er að ákvæði greinarinnar og viðurlög séu það skýr að engum geti það dulist hvað felst í því að fara á svig við umrædda grein.

Það er einnig mikilvægt að ítreka það að alvarleiki slíkra mála liggur ekki síður hjá leikmönnum og því er ljóst að viðurlög þurfa að vera í samræmi við eðli brotsins hverju sinni. Því inniheldur tillagan það ákvæði að félag og leikmaður hljóti bæði viðurlög í slíkum málum.

Einnig er vert að breyta því atriði að sektin renni til KSÍ. Sá aðili sem skaðast af háttsemi sem brýtur gegn þessum lögum á sannarlega að fá til sín þær skaðabætur sem eru ákvarðaðar hverju sinni. Fjárhæð sektar verður að taka mið af þeim viðmiðunum sem eru nú þegar varðandi félagaskiptastuðla KSÍ með hæfilegu á lagi.

Breyting á tímamörkum frá 15. okt. til 1. nóv. er til þess fallin að gefa félögum og leikmönnum betra tækifæri til að ræða saman. Það er yfirleitt verið að leika síðustu umferðirnar í byrjun okt. og því óheppilegt fyrir báða aðila að tímamörkin séu svo knöpp.

ÍBV

Ingí Sigurðsson lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar KSÍ.

Einar Hermannsson (Fjölnir) tók til máls og lýsti yfir ánægju með þessa tillögu.

Samþykkt var að leggja tillögu 18 fyrir stjórn KSÍ.

Önnur mál:

Klara Bjartmarz kynnti breytingar á reglugerðum KSÍ sem samþykktar voru á stjórnarfundum sambandsins á starfsárinu. Breytingarnar höfðu þegar verið sendar til aðildarfélaga, verið kynntar á heimasíðu sambandsins og voru ennfremur í gögnum þingfulltrúa.

Guðrún Inga Sívertsen lagði fram afreksstefnu KSÍ. Stjórn KSÍ samþykkti á stjórnarfundi sínum 12. febrúar að skipa starfshóp til að fjalla um afreksstefnu KSÍ.

Pétur Marteinsson og Guðmundur Kristján Jónsson frá Borgarbrag ehf. fluttu skýrslu um forsendur og framtíðarsýn á nýjum Laugardalsvelli og hvort grundvöllur sé fyrir byggingu fjölnota þjóðarleikvangs í Laugardalnum.

Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára

Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn og voru þeir sjálfkjörnir:
Gísli Gíslason, Akranesi
Jóhannes Ólafsson, Vestmannaeyjum
Ragnhildur Skúladóttir, Reykjavík
Rúnar V. Arnarson, Keflavík

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:
Vesturland Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland Björn Friðþjófsson, UMSE
Austurland Magnús Ásgrimsson, UÍA
Suðurland Tómas Þóroddsson, HSK

Kosning til varastjórnar til eins árs

Eftifarandi gáfu kost á sér í varastjórn KSÍ og voru sjálfkjörnir:
Ingvar Guðjónsson, ÍS
Jóhann Króknes Torfason, HSV
Kristinn Jakobsson, UMSK

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:
Vesturland Vigfús Örn Gíslason, Vesturland
Norðurland Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland Bjarni Ólafur Birkisson, UÍA
Suðurland Trausti Hjaltason, ÍBV

Kosning fulltrúa á íþróttapring ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapring til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

| | |
|-----------|----------------------|
| Aðalmenn: | Dýri Guðmundsson |
| | Haukur Gunnarsson |
| Varamenn: | Elías Hergirsson |
| | Þór Símon Ragnarsson |

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

| | |
|-----------|---------------------------|
| Aðalmenn: | Sigurður G. Guðjónsson |
| | Guðmundur Pétursson |
| | Lúðvík Örn Steinarsson |
| Varamenn: | Brynjar Níelsson |
| | Guðmundur Þórðarson |
| | Hörður Felix Harðarson |
| | Jóhannes Albert Sævarsson |
| | Kolbeinn Árnason |

Kosning í leyfisráð KSÍ

Vegna breytinga á reglugerð KSÍ um leyfismál þurfti að kjósa nýjan nefndarmann fyrir Örn Gunnarsson. Kjörnefnd gerði tillögu um Stefán Orra Ólafsson og var hann sjálfkjörinn.

Kosning í leyfisdóm KSÍ

Vegna breytinga á reglugerð KSÍ um leyfismál þurfti að kjósa nýjan nefndarmann fyrir Gísla Hall. Þá þurfti enn fremur að kjósa nýjan nefndarmann fyrir Stefán Gunnlaugsson. Kjörnefnd gerði tillögu um Jón Gunnlaugsson og Heimir Örn Herbertsson (formaður) og voru þeir sjálfkjörnir.

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

- Steinn Halldórsson, formaður
- Borghildur Sigurðardóttir
- Jónas Gestur Jónasson

Endurskoðandi

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

Siðanefnd KSÍ

Gerð var tillaga um eftirtalda í siðanefnd KSÍ og voru þau sjálfkjörin:

- Albert Eymundsson, formaður
- Eiríkur Björgvinsson
- Kristrún Heimisdóttir
- Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)
- Helgi Þorvaldsson (til vara)
- Rósa Júlífa Steinþórsdóttir (til vara)

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit

Guðmundur Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Guðmundur tilkynnti að þetta yrði hans síðasta ársþing sem þingforseti og var hann kvaddur með standandi lófaklappi. Hann fól að því loknu Geir Þorsteinssyni formanni að slíta þinginu. Geir þakkaði fulltrúum fyrir gott þing og sleit 70. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.



Guðmundur Pétursson
1. þingforseti
(sign.)

Ágúst Ingi Jónsson
1. þingritari
(sign.)



Steinn Halldórsson
2. þingforseti
(sign.)



Dagur Sveinn Dagbjartsson
2. þingritari
(sign.)